

FUNDARGERÐ BÆJARSTJÓRNAR

628. fundur

Ár 2010, fimmtudaginn 4. febrúar kl. 17:00 kom bæjarstjórn Bolungarvíkur saman til fundar í fundarsal bæjarins, Ráðhúsinu við Aðalstræti. Fundargerðin var rituð af Sunnu Reyri Sigurjónsdóttur.

Fundinn sátu:

Ragna Jóhanna Magnúsdóttir, Elías Jónatansson, Baldur Smári Einarsson, Anna G. Edvardsdóttir, Auður Hanna Ragnarsdóttir í stað Soffiu Vagnsdóttur, Jóhann Hannibalsson og Gunnar Hallsson. Einnig sat fjármálastjóri bæjarins, Halla Signý Kristjánsdóttir fundinn undir fjórða lið.

Forseti bæjarstjórnar, Ragna Jóhanna Magnúsdóttir setti fundinn og bauð bæjarfulltrúa og ritara velkomna til fundarins.

Því næst kynnti forseti dagskrá fundarins og var gengið til hennar.

DAGSKRÁ

Fundargerðir bæjarráðs frá 12/1, 19/1, 26/1 og 2/2.

Fundargerð umhverfismálaráðs frá 26/1.

Fundargerðir fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 26/1 og 1/2 .

Þriggja ára áætlun 2011 – 2013.

(Fyrri umræða)

AFGREIÐSLA

1. Fundargerðir bæjarráðs frá 12/1, 19/1, 26/1 og 2/2.

1.1 Fundargerð bæjarráðs frá 12/1

Til máls tóku: Gunnar Hallsson, Anna G. Edvardsdóttir, Elías Jónatansson, Jóhann Hannibalsson og Baldur Smári Einarsson.
Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

1.2 Fundargerð bæjarráðs frá 19/1

Til máls tóku: Gunnar Hallsson og Elías Jónatansson.
Fundargerðin var kynnt.

1.3 Fundargerð bæjarráðs frá 26/1

Til máls tóku: Jóhann Hannibalsson og Gunnar Hallsson.
Bæjarstjórn samþykkir viðbót við 1. lið fundargerðarinnar þar sem fram komi að styrkur vegna ráðstefnunnar „Stefnumót við vestfirskar konur“ er kr. 50.000.
Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

1.4 Fundargerð bæjarráðs frá 2/2

Til máls tók: Gunnar Hallsson.
Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

2. Fundargerð umhverfismálaráðs frá 26/1.

2.1 Fundargerð umhverfismálaráðs frá 26/1

Hér vikur Baldur Smári Einarsson af fundi.

Lögð var fram eftirfarandi breytingartillaga við lið 5 d:

Bæjarstjórn samþykkir tillögu um að göngustígur verði felldur niður og honum skipt á milli lóðanna í samkomulagi við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Byggingarfulltrúa falið að vinna ný lóðarblöð.

Breytingartillagan var samþykkt í einu hljóði.

Hér kemur Baldur Smári aftur til fundar.

Til máls tóku: Elías Jónatansson, Gunnar Hallsson, Anna G. Edvardsdóttir, Baldur Smári Einarsson og Jóhann Hannibalsson

Bæjarstjóri lagði til að lið 3 verði vísað til bæjarráðs sem var samþykkt í einu hljóði.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga við lið 2:

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að vinna að því að fá svæðin metin m.t.t. snjóflóðahættu.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

3. Fundargerðir fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 26/1 og 1/2.

3.1 Fundargerð fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 26/1

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

3.2 Fundargerð fræðslumála- og æskulýðsráðs frá 1/2

Til máls tóku: Elías Jónatansson og Gunnar Hallsson.

Bæjarstjórn leggur til að bæjarráð boði skólastjórnendur skólastiganna og fulltrúa fræðslumálaráðs hvern í sínu lagi á sinn fund.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

4. Þriggja ára áætlun 2011 – 2013.

(Fyrri umræða)

Til máls tóku: Elías Jónatansson og Gunnar Hallsson.

Lagt var til að vísa þriggja ára áætlun til síðari umræðu.

Það var samþykkt í einu hljóði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.19.00.

Elías Jónatansson
Baldur Smári Einarsson
Ragna Jóhanna Magnúsdóttir
Anna G. Edvardsdóttir

Jóhann Hannibalsson
Gunnar Hallsson
Auður Hanna Ragnarsdóttir
Halla Signý Kristjánsdóttir